



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær

Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 7. maí 2019
1903002 SB

Efni: Tillaga að samkomulagi aðildarsveitarfélaga SSH um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlína)

Á 470. stjórnarfundum SSH, hinn 6. maí s.l. var eftirfarandi bókað og samþykkt:

3.mál: Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan / málsnr. 1903002

Með vísan til stjórnarfundar 4. mars og 8. apríl 2019 eru lagðir fram samningar til samþykktar vegna undirbúningsverkefna Borgarlínu á árinu 2019 og 2020. Annars vegar samning milli sveitarfélaganna um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu) og hins vegar Vegagerðarinnar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning að lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (og 2020).

Fyrir fundinum lágu eftirtalin skjöl:

- a) Drög að samningi milli sveitarfélaganna um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu).*
- b) Drög að samningi SSH og Vegagerðarinnar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning og lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (2020).*
- c) Drög að minnisblaði til aðildarsveitarfélaga SSH um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu – samningar vegna undirbúnings.*

Umræður og niðurstaða.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að undirrita samning SSH og Vegagerðarinnar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning og lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (2020) með fyrirvara um samþykkt aðildarsveitarfélaganna á samkomulagi þeirra í milli um samstarf um tæknilegan og


fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu).

Stjórn samþykkir samkomulag um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu) með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaganna. Er framkvæmdastjóra falið að senda samninginn til aðildasveitarfélaganna til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

Jafnframt felur stjórn framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir með kynningu í borgarráði og bæjarráðum, verði eftir því óskað.

Í samræmi við ofanritað fylgir hjálagt framangreind tillaga ásamt tilgreindum fylgiskjölum sem óskast tekin til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu sem fyrst.

Virðingarfyllst,



Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- 1) Minnisblað til aðildarsveitarfélaga SSH um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu – samningar vegna undirbúnings.
- 2) Drög að samningi milli sveitarfélaganna um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu) ásamt fylgiskjölum 1-5.
- 3) Afrit af samningi SSH og Vegagerðarinnar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning og lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (2020).